



12. fundur stjórnar LH 20. febrúar 2014

haldinn í Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Mættir aðalmenn: Þorvarður Helgason, Sigrún Þórðardóttir, Haraldur Þórarinsson, Oddur Hafsteinsson.

Mættir varamenn: Helga B. Helgadóttir, Stefán Gunnar Ármannsson, Sigurður Örn Ágústsson.

1. Nýr framkvæmdastjóri LH/LM

Kynning á nýjum framkvæmdastjóra LH/LM Axeli Ómarssyni sem var ráðinn á símafundi stjórnar þriðjudaginn 18. mars.

2. Erindi frá gæðingadómarafélagi LH

Málið rætt og líst fundrönnum vel á þessa hugmynd og er málinu vísað til keppnisnefndar LH. Umsögn Keppnisnefndar liggja fyrir næsta stjórnarfundi LH.

3. Ný reglugerð um flutninga búfjár

Lögfræðingur frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti mætti til að útskýra tilurð þessarar reglugerðar og markmið hennar.

Margt í þessari reglugerð kom stjórnarmönnum verulega á óvart og er næsta óframkvæmanlegt eins og það er sett fram í þessari reglugerð. Útskýrði lögfræðingurinn að þetta væru einungis drög sem samin hefðu verið af MAST og ættu eftir að breytast mikið þegar athugasemdaferli væri lokið og tillit hefði verið tekið til þeirra en athugasemdir þurfa að berast fyrir 5. mars.

Ákveðið að senda þessa reglugerð á Icelandair Cargo, helstu flutnings- og útflutningsaðila hér sem flytja hesta og að stjórnar- og varastjórnarmenn LH komi með athugasemdir til skrifstofu fyrir 4. mars.

4. Samningur við Skagfirðinga um LM 2016

Stjórn ræddi það form sem hefur verið á samningum við eigendur svæða/rekstraraðila og hvort tími sé kominn til að skoða breytt form á samningsgerð við þá. Frá árinu 2010 hefur LM ehf ekki greitt % fyrir svæðin þar sem reynt hefur verið að ná niður rekstrarkostnaði við mótið. Peningar til uppbyggingar svæða hafa komið frá ríki og sveitarfélögum.

Ákveðið að fyrir næsta stjórnarfund LH leggi framkvæmdastjóri fram hugmyndir að breyttu fyrirkomulagi á rekstri mótanna með það að markmiði að heimamenn fái ákveðna þætti mótanna í sína hendur eins og t.d. gæslu og leyfisveitingar, klósettmál, velli og svæði og hliðardagskrá (skemmtidagskrá).

Þessar hugmyndir verði einnig kynntar og ræddar í stjórn LM ehf.

5. Önnur mál

a. Landsliðsmál:

Rætt um málefni landsliðsnefndar eftir að formaður hennar Bjarnleifur Bjarnleifsson og Sigurður Sæmundsson hættu störfum í nefndinni.



Fram hefur komið ósk frá nefndarmönnum um að fjölga í nefndinni. Voru þau mál rædd og nokkur nöfn komu fram í því sambandi.

Var formanni LH og framkvæmdastjóra falið að klára þetta mál þar sem mörg mikilvæg störf liggja fyrir nefndinni sem þola ekki frekari bið.

b. Litabók LH

Helga B. Helgadóttir fer yfir þær hugmyndir sem ræddar voru á FEIF þingi og rætt um að fá að setja myndir Péturs Behrens um gangtegundir íslenska hestsins í þessa bók. Hafa samband við markaðs og kynningarnefnd LH um þessi mál. Formaður tekur að sér að hafa samband við Pétur um leyfi til að nota þessar myndir, einnig á hann margar aðrar myndir í þessari bók.

Rætt um að bókin verði svo aðgengileg fyrir alla á heimasíðu LH þar sem hægt væri að nálgast hana til frekari nota.

c. Kostnaðarnefnd LH

Lítið hefur komið frá kostnaðarnefnd LH og þau mál rædd. Sigurður Örn Ágústsson er tilbúinn að taka að sér að leiða þessa nefnd. Stungið upp á að fjölga í henni og að stjórnarmenn sendi inn hugmyndir að nöfnum.

d. Íslandsmót

Rætt um þá niðurstöðu sem varð um þau. Ákveðið að nefnd LH sem fékk það verkefni klári samningsform um mótið sem henni var falið á fyrra ári og komi til umsagnar til stjórnar LH svo ljúka megi sem fyrst samningum LH við Fák um þessi mót.

e. Ráðning framkvæmdastjóra

Fram kom umræða um ráðningu framkvæmdastjóra og það sjónarmið að auglýsa hefði átt stöðu hans. Voru þau mál rædd.

Fleira ekki fært til bókar.

Fundarritari: Haraldur Þórarinsson